

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 15. maí kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 773. embættisafgreiðslufundur sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hulda Einarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Ólafur Melsted, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Hildur Gunnarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

- Hringbraut 116, Bykoreitur, breyting á deiliskipulagi** (01.138.2) Mál nr. SN190401  
Skjalnr. 12848  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
490617-1320 Kaldalón hf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 11. maí 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsinga um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi:  
Gera þarf grein fyrir hvernig brugðist er við umsögn vegagerðarinnar þar sem m.a. kemur fram ábending um að merkja veghelgunarsvæði á uppdrátt.  
Sýna þarf inn- og útakstursleið í bílakerfi á uppdr. 1/3.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
- Borgartún 34-36, breyting á deiliskipulagi** (01.232.0) Mál nr. SN200261  
Skjalnr. 9191  
450913-0650 Atelier Arkitektar slf., Skaftahlíð 16, 105 Reykjavík  
410166-0389 Guðmundur Jónasson ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogur  
Lögð fram umsókn Björns Skaptasonar dags. 30. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 34-36 við Borgartún. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni, hækkun á nýtingarhlutfalli og fjölgun íbúða um 5 úr 86 í 91, samkvæmt uppdr. Atelier Arkitekta ehf. dags. 30. apríl 2020.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
- Brautarholt 32, (fsp) uppbyggingarheimildir á lóð** (01.250.1) Mál nr. SN200228  
Skjalnr. 14267  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík  
600169-5139 Hekla hf., Pósthólf 5310, 125 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf. dags. 17. apríl 2020 ásamt greinargerð dags. 15. apríl 2020 um uppbyggingarheimildir á lóð nr. 32 við Brautarholt.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

4. **Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, (fsp)** (04.0) Mál nr. SN200242  
Skjalnr. 7634  
*Tangabryggja 1 og 3 - uppbygging*  
670510-0340 a2f arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn a2f arkitekta ehf. dags. 21. apríl 2020 um hvort fyrirhuguð uppbygging á lóð nr. 1 og 3 við Tangabryggju, samkvæmt uppdr. A2F/Grímu arkitekta og Landmótunar dags. 20. apríl 2020, samræmist deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæði 4. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*
5. **Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, (fsp)** (04.0) Mál nr. SN200236  
Skjalnr. 7634  
*Tangabryggja 5 - uppbygging*  
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík  
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Birkis Árnasonar dags. 20. apríl 2020 um hvort fyrirhuguð uppbygging á lóð nr. 5 við Tangabryggju, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 20. apríl 2020, samræmist deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæði 4. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*
6. **Gljúfrasel 11, (fsp) hækkun húss** (04.933.4) Mál nr. SN200249  
Skjalnr. 9875  
Gunnar Þór Gunnarsson, Gljúfrasel 11, 109 Reykjavík  
670117-0570 Rerum ehf., Flesjakór 10, 203 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Þórs Gunnarssonar og Bryndísar Bjarkar Guðjónsdóttur dags. 20. apríl 2020 um hækkun hússins á lóð nr. 11 við Gljúfrasel sem felst í að byggja yfir hluta 2. hæðar hússins, samkvæmt uppdr. Rerum ehf. dags. 20. apríl 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*
7. **Hvamsgerði 3, Gustlokun á svalir** (01.802.502) Mál nr. BN056653  
Skjalnr. 14185  
Sigmar Julian Halldórsson, Hvamsgerði 3, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til loka svölum með gustlokun og gluggum á kvistum á suðurhlíð breytt í húsi á lóð nr. 3 við Hvamsgerði, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 24. apríl 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. september 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2019. Greinagerð frá hönnuði dags. 20. apríl 2020. Stækkun vegna B-rýmis er: 6,5 ferm., 14,8 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*

8. **Kvosin, Landsímareitur, tillögur að breyttu skipulagi - R20030215** (01.140.4) Mál nr. SN200205  
Skjalnr. 8321  
631205-1780 Icelandair Group hf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 1. apríl 2020 þar sem erindi Icelandair Group f.h. Icelandair Hotels og Lindarvatns dags. 17. mars 2020 varðandi tillögur að breyttu skipulagi á Landsímareit er vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
9. **Nauthólsvík, breyting á deiliskipulagi** (01.68) Mál nr. SN180788  
Skjalnr. 6671  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Nauthólsvíkur vegna aðkomutengingar við fyrirhugaða Fossvogsbrú á um 350 m kafla nýrrar tveggja akreinar akbrautar fyrir almenningsamgöngur sem fellur innan deiliskipulagsins. Kaflinn er hluti af stærri framkvæmd sem er brú yfir Fossvog fyrir almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi vegfarendur. Samhliða breytingunni eru gerðar nokkrar fleiri breytingar á skipulaginu og það uppfært miðað við núverandi ástand. Lagðir eru fram uppdr. Landmótunar dags. 11. nóvember 2019 br. 15. maí 2020. Einnig er lögð fram greinargerð Landmótunar dags. 11. nóvember 2019 br. 15. maí 2020.. Jafnframt er lögð fram fornleifaskrá og húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 2019. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Veitur dags. 23. janúar 2020, Isavia dags. 29. janúar 2020 og íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020. Einnig er lagt fram minnisblað Borgarlínunnar dags. 30. apríl 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
10. **Reykjavíkurlflugvöllur, breyting á deiliskipulagi** (01.6) Mál nr. SN190682  
Skjalnr. 6767  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar. Í breytingunni felst breyting á deiliskipulagsmörkum og færslu á flugvallargirðingu til austurs til móts við Nauthólsvík, vegna aðkomutengingar við Fossvogsbrú, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta dags. 13. nóvember 2019 br. 13. maí 2020. Tillagan var auglýst frá 16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Isavia dags. 29. janúar 2020 og íbúaráð Miðborgar og Hlíða dags. 29. janúar 2020. Einnig er lagt fram minnisblað Borgarlínunnar dags. 30. apríl 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. janúar 2020 og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
11. **Tryggvagata og Naustin, framkvæmdaleyfi** (01.118) Mál nr. SN200243  
Skjalnr. 8850  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 20. apríl 2020 um framkvæmdaleyfi vegna endurgerðar Tryggvagötu (milli Grófar og Pósthússtrætis) og Nausta (milli Geirsgötu og Tryggvagötu). Einnig er lagt fram teikningasett ódags. og útboðs- og verklýsing dags. í apríl 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2020.  
*Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

12. **Vesturbæjarsundlaug - Hofsvallagata 54,** (01.526.1) Mál nr. SN190383  
*breyting á deiliskipulagi* Skjalnr. 7723  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 21. júní 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. Í breytingunni felst að komið er fyrir hundagerði á lóðinni, núverandi grenndargámastöð er fest í sessi og bílastæðum fækkað lítillega, samkvæmt uppd. Eflu dags. 20. febrúar 2020. Tillagan var auglýst frá 31. mars 2020 til og með 12. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Anna Kristín Sigurðardóttir forstöðumaður Vesturbæjarlaugar og Nauthólsvíkur dags. 30. mars 2020, Þórhallur Ólafsson dags. 17. apríl 2020, Júlíana Björnsdóttir og fjölskylda dags. 19. apríl 2020, Ingunn A. Ingólfssdóttir dags. 19. apríl 2020, Sigurður Oddgeir Sigurðsson dags. 20. apríl 2020, Drífa Hansen dags. 21. apríl 2020, Guðrún Þórarinsdóttir, 21. apríl 2020, Ástrós Eva Einarsdóttir dags. 21. apríl 2020, Sunna Sasha dags. 21. apríl 2020, Aldís Amah Hamilton dags. 21. apríl 2020, Alda Sigmundsdóttir dags. 22. apríl 2020, Sigurlaug Bragadóttir dags. 24. apríl 2020, Vala Árnadóttir dags. 24. apríl 2020, Friða Þorkeldsdóttir dags. 24. apríl 2020, Ívar Kristjánsson dags. 25. apríl 2020, Berglind Borgþórsdóttir dags. 25. apríl 2020, Ásdís Elva Pétursdóttir dags. 26. apríl 2020, Ingibjörg Anna Arnarsdóttir dags. 27. apríl 2020, Freyja Kristinsdóttir f.h. stjórnar FÁH dags. 29. apríl 2020, Ólafur Hauksson dags. 5. maí 2020, Jón Skaftason dags. 11. maí 2020, Páll Kristjánsson formaður Knattspyrnudeildar KR dags. 11. maí 2020, Ásgerður Ragnarsdóttir og Stefán A. Svansson dags. 11. maí 2020, Jón Eiríksson og Þórunn Þórisdóttir dags. 12. maí 2020, Birgir Þ. Jóhannsson, Ásta Olga Magnúsdóttir og Björn Karlsson dags. 12. maí 2020 og Gísli Marteinn Baldursson dags. 12. maí 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
13. **Vogabyggð svæði 1, breyting á skilmálum** (01.45) Mál nr. SN200248  
*deiliskipulags* Skjalnr. 13136  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
680717-1090 U 14-20 ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 22. apríl 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Vogabyggðar svæðis 1. Í breytingunni felst fjölgun á B fermetrum í Stefnisvogi fyrir lóðir 1-2, 1-3, 1-4 og 1-5, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 20. apríl 2020. Einnig er lagður fram tölvupóstur Bjargs íbúðafélags dags. 12. maí 2020 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við breytinguna. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
14. **Vogabyggð svæði 3, deiliskipulag miðsvæði** Mál nr. SN140216  
*sunnan Tranavogar og norðan Súðarvogar* Skjalnr. 13136  
*að Sæbraut*  
Lögð eru fram drög að kynningu fyrir nýtt deiliskipulag á svæði 3 í Vogabyggð, dags. 14. maí 2020.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
15. **Bakkastaðir 41, breyting á deiliskipulagi** (02.421) Mál nr. SN200260  
Skjalnr. 14232

Anna Dagrún Pálmarsdóttir, Bakkastaðir 41, 112 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 29. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Staðahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Bakkastaði. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til vesturs fyrir viðbyggingu, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 7. apríl 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Bakkastöðum 35, 37, 39, 45 og 47.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. sbr. gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

16. **Brekkubær 39, (fsp) lóð í fóstur** (04.361.6) Mál nr. SN200251  
Skjalnr. 5858  
Kjartan Stefánsson, Brekkubær 39, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Stefánssonar dags. 27. apríl 2020 um að taka landskíka við húsið á lóð nr. 39 við Brekkubæ í fóstur. Einnig eru lagðar fram loftmyndir þar sem skissuð er inn tillaga að afmörkun svæðis. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*
17. **Eyjarslóð 1, (fsp) gluggar á austurgafli** (01.111.5) Mál nr. SN200073  
Skjalnr. 5644  
*hússins*  
541008-1440 GT 2 ehf., Eyjarslóð 1, 101 Reykjavík  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf. Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa var lögð fram fyrirspurn +Arkitekta ehf. dags. 29. janúar 2020 ásamt greinargerð dags. 16. janúar 2020 um að setja glugga á austurgafli hússins á lóð nr. 1 við Eyjarslóð. Einnig eru lagðir fram uppdrættir +Arkitekta dags. 3. október 2019 og 18. desember 2019 og samkomulag GT 2 ehf. og Klappavör ehf. dags. 7. janúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*
18. **Frostaskjól 39-45, 45 - Viðbygging** (01.515.107) Mál nr. BN057492  
Skjalnr. 14264  
Guðrún Marta Jóhannsdóttir, Frostaskjól 45, 107 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa, einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlíð raðhúss nr. 45 (mhl. 04) á lóð nr. 39-45 við Frostaskjól, samkvæmt uppdr. Urban arkitekta ehf. dags. 30. mars 2020 síðast br. 29. apríl 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 30. mars 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. apríl 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2020. Stækkun vegna viðbyggingar er: 18,1 ferm., 48,9 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Frostaskjól 47 og 55.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
19. **Glæsibær 13, Viðbygging og garðskáli** (04.352.301) Mál nr. BN057622  
Skjalnr. 14252  
Erna Candy Tönsberg, Glæsibær 13, 110 Reykjavík  
Nicholas Arthur Candy, Glæsibær 13, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu og garðskála við einbýlishús á lóð nr. 13 við Glæsibæ. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir mæliblað 4.352.3 síðast breytt í október 1975 ásamt afriti af skilgreindum byggingarreitum í hverfisskipulagi. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*

20. **Hraunbær 103A, breyting á deiliskipulagi** (04.331.1) Mál nr. SN200055  
Skjalnr. 8320

610786-1629 Dverghamrar ehf., Lækjarbergi 46, 221 Hafnarfjörður  
Kristinn Ragnarsson, Skaftahlíð 27, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 23. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar 103-105 vegna lóðarinnar nr. 103A við Hraunbæ. Í breytingunni felst að heimilt verður að hafa þakgarða á hluta þaks yfir 5. og 7. hæð, samkvæmt uppd. Kristins Ragnarssonar dags. 19. desember 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

21. **Langholtsvegur 182, (fsp) kvistir og svalir** (01.445.1) Mál nr. SN200280  
Skjalnr. 14237

670407-0550 Byggingarfélagið Otur ehf, Lofnarbrunni 16, 113 Reykjavík  
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Byggingarfélagsins Otur ehf. dags. 5. maí 2020 um að setja tvo kvisti á norðausturhlíð hússins á lóð nr. 182 við Langholtsveg og einn kvist ásamt inndregnum svölum á suðvesturhlíð hússins, samkvæmt uppd. Mansard - Teiknistofu ehf. dags. 20. apríl 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*

22. **Sjafnargata 9, Byggja svalir** (01.196.009) Mál nr. BN057603  
Skjalnr. 5581

Jón Karl Helgason, Sjafnargata 9, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja svalir á suðurþekju rishæðar íbúðarhúss á lóð nr. 9 við Sjafnargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

Gjald kr. 11.200

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*

23. **Þorragata 1, (fsp) breyting og stækkun á sólstofu** (01.635.7) Mál nr. SN200238  
Skjalnr. 6210

Axel Hreinn Steinþórsson, Ástu-Sólliljugata 15, 270 Mosfellsbær  
420683-0309 Leikskólinn Sælukot, Þorragötu 1, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Axels Hreins Steinþórssonar f.h. leikskólans Sælukots dags. 20. apríl 2020 um breytingu og stækkun á sólstofu á lóð nr. 1 við Þorragötu, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*

24. **Brekkustígur 9, Stækkun húss og breyting lóðar** (01.134.202) Mál nr. BN057519  
Skjalnr. 6440

521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lóðamörkum milli lóða Öldugötu 44 og Brekkustígs 9, einnig er sótt um leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús og gera rishæð, tvær íbúðir verða í húsinu í stað einnar og gerður nýr inngangur frá garði með útitröppum, anddyri og svölum á húsi á lóð nr. 9 við Brekkustíg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Erindi fylgir Greinargerð Eflu um brunahönnun útg. 001-V03 dags. 6. apríl 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 16. apríl 2020 og 25. febrúar 2020, skýrsla Fornleifastofunnar dags. júlí 2019 og afrit af bréfi Borgarráðs nr. R19050201 dags. 23. maí 2019. Einnig fylgir bréf hönnuðar vegna texta í umsókn dags. 20. apríl 2020. Stækkun 83,5 ferm., xx,xx. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Brekkustíg 4a, 5, 5a, 6, 6a, 6b, 7, 8, 10 og 12, Öldugötu 40, 41, 42, 45, 47, 50 og 51, Bræðraborgarstíg 16 og 18 og Drafnarstíg 4, 5, 5a, 7 og 9.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

25. **Öldugata 44, Stækkun húss - mhl.1 og mhl.2** (01.134.201) Mál nr. BN057521  
Skjalnr. 6440

521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lóðamörkum milli lóða Öldugötu 44 og Brekkustígs 9 og til þess að byggja 6 íbúðir í nýbyggingum og með breytingum og viðbyggingum verði gerðar 2 íbúðir í núverandi húsum á lóð nr. 44 við Öldugötu. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir bréf Minjastofnun dags. 25. febrúar2020, afrit af beiðni um sölu á lóðarhluta Drafnarstígs 4 dags. 23. maí 2019, skýrsla Fornleifastofunnar um könnun á fornleifum á lóðunum Brekkustíg 9 og Öldugötu 44 dags. júlí 2019, greinargerð Eflu verkfræðistofu um val og hönnun brunavarna dags 6. apríl 2020 ásamt yfirliti breytinga dags. 20. apríl 2020. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Brekkustíg 4a, 5, 5a, 6, 6a, 6b, 7, 8, 10 og 12, Öldugötu 40, 41, 42, 45, 47, 50 og 51, Bræðraborgarstíg 16 og 18 og Drafnarstíg 4, 5, 5a, 7 og 9.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

26. **Gefjunarbrunnur 14, (fsp)** (02.695.4) Mál nr. SN200256  
Skjalnr. 14105

*skilmálar/bílastæði*

570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlökkverssonar dags. 27. apríl 2020 um útfærslu á heimildum í gildandi skilmálum deiliskipulags fyrir lóð nr. 14 við Gerðarbrunn er varðar bílastæði. Einnig er lagður fram uppdráttur Mansard - Teiknistofu ehf. dags., 23. apríl 2020.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

27. **Skyggisbraut, framkvæmdaleyfi** (05.05) Mál nr. SN200289  
Skjalnr. 14274

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 8. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna breytingu á Skyggisbraut frá Skyggnistorgi og austur fyrir

Skyggnisbraut 30 sem felst í að fjarlægja miðeyju og bæta við hjólastígum beggja vegna akbrauta ásamt fullnaðarfrágangi sunnan götu. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. maí 2020.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

28. **Suðurgata 22, Viðbygging á baklóð** (01.161.205) Mál nr. BN057600  
Skjalnr. 6750  
Ingibjörg Jónsdóttir, Suðurgata 22, 101 Reykjavík  
Friðrik Steinn Kristjánsson, Suðurgata 22, 101 Reykjavík  
600902-3180 Silfurberg ehf., Suðurgötu 22, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að gera íbúðir og byggja steinsteypa viðbyggingu, kjallara, hæð og þaksvalir við vesturhlið húss, á lóð nr. 22 við Suðurgötu, samkvæmt uppdr. Davíðs Kr. Pitt arkitekts dags. 24. apríl 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 samþykkt.*
29. **Bústaðavegur 151-153, framkvæmdaleyfi** (01.826.1) Mál nr. SN200288  
Skjalnr. 7581  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 8. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna m.a. byggingu undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð undir Bústaðaveg, gerð hringtorgs á Bústaðaveg, hækkun Bústaðavegar, gerð nýrrar götu frá Bústaðavegi til norðurs vestan við Sprengisand og hesthús, gerð göngu- og hjólréiðastígs frá Miklubraut meðfram rampa að Reykjanesbraut, gerð tengistíga o.fl. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. maí 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
30. **Skipholt 44 og 50, (fsp) hækkun á þaki og setja kvisti** (01.253) Mál nr. SN200273  
Skjalnr. 13888  
Gerður Sveinsdóttir, Skipholt 44, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Gerðar Sveinsdóttur dags. 7. maí 2020 um að hækka þak hússins á lóð nr. 44 og 50 við Skipholt og setja kvisti, samkvæmt skissu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.*
31. **Ártúnshöfði, austurhluti, breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa** (04.071) Mál nr. SN200134  
Skjalnr. 6633  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulaginu "Ártúnshöfði - Eystri" vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 3 smáhýsum á nýrri lóð, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku, dags. 21. febrúar 2020. Tillagan var auglýst frá 31. mars 2020 til og með 12. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar: Róbert Örn Albertsson dags. 15. apríl 2020, Sölvi Sigurjónsson dags. 15. apríl 2020, Kristján Lindberg Björnsson dags. 16. apríl 2020, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir f.h. Kaffitárs ehf. dags. 17. apríl 2020, Elías Gíslason dags. 7. maí 2020, Þórður R. Magnússon dags. 11. maí 2020, Stefán S. Gunnarsson dags. 11. maí 2020, G. Sigríður Samúelsdóttir dags. 11. maí 2020, Vignir Þór Stefánsson dags. 11. maí 2020, Ingi Kári Loftsson dags. 12. maí 2020, Jón Kristinn Jónsson og Sesselja Ingólfssdóttir dags. 11. og 12. maí 2020, Ólafur Jónsson dags. 11.



maí 2020, Pétur Jóhannesson dags. 12. maí 2020, Einar S. Hálfánarson dags. 12. maí 2020, Árni Guðmundsson dags. 12. maí 2020, Sif Jónsdóttir og Björn Finnbogason dags. 12. maí 2020 og Páll Fannar Einarsson dags. 12. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn íbúaráðs Grafarvogs dags. 12. maí 2020.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

32. **Furugerði 23, Fjölbýlishús og raðhús** (01.807.403) Mál nr. BN057617  
Skjalnr. 5681

640517-0850 EA11 ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tvö 10 íbúða fjölbýlishús á tveimur hæðum á reit A og 10 íbúða raðhús á tveimur hæðum á reit B með sameiginlegan bílakjallara á lóð nr. 23 við Furugerði.

Stærðir: 3.253.3 ferm., 10.160.4 rúmm. Nýtingarhlutfall 0.8. Erindi fylgir lóðauppdráttur 1.807.4 dags. 27. mars 2020, hæðablað 1.807.4 samþykkt í mars 2020, teikningaskrá aðaluppdráttu, afrit af greinargerð hönnunarstjóra um ábyrðarsvið hönnuða dags. 5. maí 2020, greinargerð hönnuða dags. 30. apríl 2020, reiknuð U-gildi dags. 5. maí 2020, greinargerð Mannvits ehf um hljóðvist, útgáfa 1.0, dags. 4. maí 2020, greinargerð burðarvirkishönnuðar, Element ehf, dags 28. febrúar 2020, ódagsett greinargerð um algilda hönnun. Gjald kr. 11.200

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

33. **Snorrabraut 60, breyting á deiliskipulagi** (01.193.4) Mál nr. SN190591  
Skjalnr. 6940

510315-0220 Landberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík

681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Helga Konráðs Thoroddsen dags. 1. október 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 58-60 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að kvöð um undirgöng er felld niður. Í stað hennar kemur kvöð um inndregna jarðhæð á horni til norðvesturs þar sem gönguleið verður að núverandi húsi og inngangi viðbyggingu. Byggingarreit 4. hæðar við þaksvalir er breytt lítillaga og byggingarmagn ofanjarðar (A-rými) er minnkað um 50 fm. en byggingarmagn neðanjarðar er aukið um 250 fm. 300 m<sup>2</sup> B-rými er bætt við. Meginfletir útveggja skulu vera sléttir eða steinaðir, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 1. október 2019 og síðast breytt 15. janúar 2020. Einnig er lagt fram minnisblað um úrgangslausnir dags. 9. janúar 2020. Tillagan var auglýst frá 18. febrúar 2020 til og með 31. mars 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Magnús Baldvinsson dags. 31. mars 2020 og LEX lögmannstofa f.h. Domus Medica húsfélag dags. 31. mars 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. apríl 2020 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

*Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020 sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr.1020/2019.*

34. **Spítalastígur 10, breyting á deiliskipulagi** (01.184.1) Mál nr. SN200118  
Skjalnr. 10082

Bjarni Már Bjarnason, Flókagata 62, 105 Reykjavík

490388-1419 Skipulags-,arkitekta-/verkfrst, Garðastræti 17, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram umsókn Gests Ólafssonar dags. 17. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.1 vegna lóðarinnar nr. 10 við Spítalastíg. Í breytingunni felst að heimilað verði að gera bílastæði í suðausturhluta lóðarinnar auk þess sem lóðinni er skipt í matshluta og sérarafnotafleti, samkvæmt uppdr. Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. dags. 17. febrúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Samþykki meðlóðarhafa þarf að berast embættinu.*

35. **Austurstræti 12A, Breyta innra skipulagi,** (01.140.408) Mál nr. BN057303  
*loka milli hæða og opna á milli Austurstræti*  
*12a og 14.* Skjalnr. 12600  
 530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi allra hæða, loka stigaopi milli 1. og 3. hæðar og opna á milli Austurstrætis 12a og 14, á 1. hæð verður veitingastaður í flokki I, tegund c) fyrir mest 45 gesti, á 2. og 3. hæð verða skrifstofur Alþingis líkt og er nú á 4. og 5. hæð húss nr. 12a við Austurstræti.  
 Erindi fylgir umsókn BN057302, Austurstræti 14, dags. 18. febrúar 2020, sem er hluti af beiðninni um opnun milli húsanna nr. 12a og 14 við Austurstræti. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
36. **Breiðagerði 29, (fsp) lengja núverandi kvisti** (01.814.2) Mál nr. SN200290  
*eða bæta við nýjum* Skjalnr. 14276  
 Anna Samúelsdóttir, Mosabarð 6, 220 Hafnarfjörður  
 Lögð fram fyrirspurn Önnu Samúelsdóttur dags. 11. maí 2020 um að lengja núverandi kvisti sem eru á þaki á austur- og vesturhlíð hússins á lóð nr. 29 við Breiðagerði eða bæta við tveimur nýjum kvistum á þak hússins, samkvæmt skissu ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
37. **Vatnagarðar 38, staðsetning ökutækjaleigu -** (01.407.9) Mál nr. SN200283  
*endurnýjun leyfis* Skjalnr. 10001  
 540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
 Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 30. apríl 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Þorsteins Þorgeirssonar um að reka ökutækjaleigu að Vatnagarðum 34. Sótt er um endurnýjun á leyfi, gildistími eldra leyfis er frá 18. maí 2015 til 18. maí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2020 samþykkt.*
38. **Akurgerði 7, (fsp) stækkun á byggingarreit** (01.813) Mál nr. SN200286  
*og svalalokun* Skjalnr. 14273  
 Guðmundur Árni Þórisson, Akurgerði 7, 108 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Guðmundar Árna Þórissonar dags. 10. maí 2020 um að stækka byggingarreit lóðarinnar nr. 7 við Akurgerði lítillaga til austurs og vesturs og loka svölum og setja þess í stað glugga, samkvæmt uppd. Davíðs Árnasonar ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
39. **Laugalækur og Hrístateigur,** (01.34) Mál nr. SN200287  
*framkvæmdaleyfi* Skjalnr. 6444  
 570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
 Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 8. maí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna endurgerðar á gatnamótum Laugalækjar og Hrístateigs, niðurstetningu djúpgáma í Hrístateig og endurnýjun lagna og niðurstetningu nýrra lagna. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. apríl 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
40. **Seljavegur 2, (fsp) uppbygging** (01.133.2) Mál nr. SN200284  
 Skjalnr. 7418  
 620617-2370 Grandinn - Íbúðafélag ehf., Katrinartúni 2, 105 Reykjavík  
 500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hjálta Brynjarssonar dags. 8. maí 2020 um hvort fyrirhuguð uppbygging á lóð nr. 2 við Seljaveg, samkvæmt tillöguhefti Arkþings - Nordic ehf. dags. 6. maí 2020, samræmist deiliskipulagi.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

41. **Urðarstígur 4, (fsp) stækkun húss** (01.186) Mál nr. SN200246  
Skjalnr. 14268  
Þórir Jónsson Hraundal, Urðarstígur 4, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Þóris Jónssonar Hraundals dags. 17. apríl 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 4 við Urðarstíg, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.*
42. **Breiðagerði 7, (fsp) garðskáli** (01.814.1) Mál nr. SN200245  
Skjalnr. 12920  
Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Breiðagerði 7, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Sveinbjörns Sveinbjörnssonar og Ástu Óskar Stefánsdóttur dags. 17. apríl 2020 um að setja garðskála á lóð nr. 7 við Breiðagerði, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.*
43. **Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi,** Mál nr. SN200207  
*skipulagslýsing, deiliskipulag* Skjalnr. 8534  
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að skipulagslýsingu fyrir Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst að festa í sessi leiksvæði á borgarlandi og hverfisvernd á byggð Hjarðarhaga og Tómasarhaga með minniháttar heimildum til breytinga þ.á.m. bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, niðurrífi bílskúra og uppbyggingu á lóð nr. 18-20 við Dunhaga samkvæmt skipulagslýsingu THG Arkitekta ehf. dags. apríl 2020. Einnig eru lagðir fram tölvupóstar Sigurðar Þráníssonar dags. 11. maí 2020 og Bjarka Más Baxter dags. 12. maí 2020 þar sem óskað er eftir framlengingu á athugasemdafresti.  
*Samþykkt að framlengja athugasemdafrest til 25. maí 2020.*
44. **Grímshagi 8, (fsp) stækkun húss og bygging** (01.554.2) Mál nr. SN200279  
*bílskúrs* Skjalnr. 14275  
Dóra Gunnarsdóttir, Grímshagi 8, 107 Reykjavík  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Dóru Gunnarsdóttur dags. 5. maí 2020 ásamt bréfi T.ark Arkitekta ehf. dags. 4. maí 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 8 við Grímshaga og byggingu bílskúrs.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
45. **Keilufell 15, (fsp) stækkun húss, setja kvist** (06.775) Mál nr. SN200192  
*o.fl.* Skjalnr. 14203  
Bímir Orri Pétursson, Keilufell 15, 111 Reykjavík

700713-0400 Teiknistofan Kvarði ehf., Hringbraut 17, 220 Hafnarfjörður

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. maí 2020 var lögð fram fyrirspurn Birnis Orra Péturssonar dags. 24. mars 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 15 við Keilufell til suðurs, setja kvist á fyrirhugaða viðbyggingu og þakglugga á þak til norðurs ásamt því að byggja nýja bílgeymslu og geymslu í stað núverandi bílgeymslu sem hefur verið metin ónýt, samkvæmt uppd. Teiknistofunnar Kvarði ehf. dags. í febrúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. maí 2020 samþykkt.*

46. **Vest. 6-10A/Tryggv.18, Vest. 6-8. mhl.01.** (01.132.113) Mál nr. BN057530  
Svalir o.fl. Skjalnr. 7977

630785-0309 Kirkjuhvoll sf, Pósthólf 1100, 121 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja svalir og nýja hurð á austurgafli ásamt því að taka út hurð og setja í staðinn glugga á suðvesturhlíð húss nr. 6-8, mhl.01, á lóðinni Vesturgata 6-10A/Tryggvagata 18. Einnig er lagður fram tölvupóstur byggingarfulltrúa dags. 15. maí 2020 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka.

Erindi fylgir afrit af teikningum samþykktum 19. júní 2007 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 6. maí 2020.

Gjald kr. 11.200

*Umsagnarbeiðni dregin til baka.*

47. **Barmahlíð 19, Hækka þak, svalir** (01.702.015) Mál nr. BN057498  
Skjalnr. 7218

Jón Örn Guðbjartsson, Barmahlíð 19, 105 Reykjavík

Aðalheiður Atladóttir, Barmahlíð 21, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og útbúa svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús auk þess að bæta við svölum á rishæð íbúðarhúss nr. 19 við Barmahlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

Erindi fylgir A3 afrit af teikningasetti dags. 25. mars 2020 með áritun eigenda íbúða 0001 og 0101. Gjald kr. 11.200

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.*

48. **Barmahlíð 21, Hækka þak og útbúa rishæð** (01.702.016) Mál nr. BN057513  
Skjalnr. 11485

061175-2539 Falk Krueger, Barmahlíð 21, 105 Reykjavík

Aðalheiður Atladóttir, Barmahlíð 21, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að stækka íbúð á 2. hæð með því að hækka þak og útbúa svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús auk þess að bæta við svölum á rishæð íbúðarhúss nr. 21 við Barmahlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.

Erindi fylgir A3 afrit af teikningasetti dags. 25. mars 2020 með áritun eigenda íbúðar 0101. Gjald kr. 11.200

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2020.*

49. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, borgarlína, breyting á aðalskipulagi** Mál nr. SN200153  
Skjalnr. 5987

*Reykjavík vegna borgarlínu milli  
Ártúnshöfða og Hamraborg*

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju verk- og matslýsing Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar dags. 1. febrúar 2020 vegna breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna fyrstu lotu Borgarlínu, sem liggur á milli Ártúnshöfða í Reykjavík og Hamraborgar í Kópavogi. Kynning stóð yfir frá 7. apríl 2020 til og með 9. maí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Þorsteinn Sæmundsson og Berglind Ásgeirsdóttir dags. 7. maí 2020 og Samtök um betri byggð dags. 8. maí 2020.  
*Vísad til meðferðar deildarstjóra aðalskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:20.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir.